

Nr. 3/1902: Sparisjóður Árnassýslu  
 gegn  
 hreppsnefnd Eyrarbakka-  
 hrepps.

D ó m u r:

Haustið 1900 lagði hreppsnefnd Eyrarbakka-  
 hrepps aukaútsvar til hreppsins á »Sparisjóð Árnassýslu« þar í hreppi, 40 krónur, en sparisjóðurinn áleit álöguna heimildarlausa að lögum, og neitaði að greiða gjaldið. Krafðist þá hreppsnefndin lögtaks á útsvarsupphæðinni ásamt lögtaks-kostnaði, og var sú krafa þrátt fyrir mótmæli sparisjóðsstjórnarinnar tekin til greina með úrskurði fógætaréttar Árnassýslu, gengnum 22. nóv. f. á. og lögtakið framkvæmt daginn eftir, þannig, að fógætinn tók af fyrirbyggjandi peningum sparisjóðsins 49 kr. 50 a. til greiðslu útsvarsins og kostnaðar, er af því leiddi. Þessum fógætaúrskurði og lögtaksgjörð hefir sparisjóðsstjórnin, að fengnu uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. febr. þ. á., og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að hinum áfrýjanda úrskurði með eftirfarandi lögtaki verði hrundið, þannig, að sparisjóðurinn verði sýknaður af útsvarskröfunni, en að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hreppsnefndin, sem hefir fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, hefir aftur á móti krafist þess, að fógætaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri

eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar.

Heimild sína til að leggja umrætt aukaútsvar á sparisjóðinn byggir hreppsnefndin á því, að sjóðurinn verði að teljast arðsamt fyrirtæki eða stofnun, sem rekin hafi verið í Eyrabakkahreppi og hafi því verið útsvarsskyld þar samkvæmt lögum 9. ágúst 1889; en þessu neitar stjórn sparisjóðsins, og verður því spurningin í máli þessu um það, hvort téð skodun hreppsnefndarinnar sé á rökum byggð.

Það er víðurkent í málinu, að sparisjóðurinn er stofnun eða fyrirtæki, sem rekið hefir verið í Eyrabakkahreppi stöðugt síðan árið 1888. Það er heldur enginn ágreiningur um það, enda gjört ráð fyrir því í lögum sjóðsins, að sparisjóðurinn hefir ágóða eða arð af starfsemi sinni. Þessi arður, sem adallega eða eingöngu stafar af því, að sjóðurinn tekur hærri vexti af útlánum en hann svarar samlagsmönnum af inneignum þeirra, er, að frádregnum kostnadi við stjórn sjóðsins, lagður í varasjóð, sem er eign sjóðsins, en aðaltilgangur varasjóðsins er, að af honum verði bætt tjón það, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir, en að öðru leyti er það ákvæði í lögnum, að þegar varasjóðurinn sé orðinn 2000 kr. megi verja árságóða sparisjóðsins til einhvers þarflegs fyrirtækis eða stofnunar í Árnessýslu, ef  $\frac{3}{4}$  ábyrgðarmanna sjóðsins samþykkja það, og ráða ábyrgðarmennirnir því þá einnig, til hvers fénu skuli varið.

Eftir reikningi sjóðsins fyrir árið 1900 var hinn samandregni arður eða ágóði sjóðsins, varasjóður hans, við lok þess árs orðinn 2938 kr. 53 a.

Það er ljóst af því sem nú hefir verið sagt, að sparissjóðurinn er arðsamt fyrirtæki eða stofnun, og það gjörir engan mun í þessu tilliti, þó að arðurinn af henni eða ágóðinn renni ekki til einstakra manna og fyrirtækið verði ekki skodað sem gróðafyrirtæki eða eign einstakra manna; og með því að stofnunin hefir verið rekin alt ár það, sem um er að ræða, í Eyrarbakkaheppi, hafði hreppsnefndin heimild til að jafna á hana útsvari samkvæmt lögum 9. ágúst 1889. Það verður samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjada fógetaúrskurð og lögtaksgjörð. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og ber að greiða málfutningslaun hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, er ákveðast 20 krónur, úr landssjóði. Það vottast, að málsfærslan af hendi hins skipaða málsfærslumanns hefir verið lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógetaréttarúrskurður og lögtaksgjörð eiga að vera óröskud. Málskostnaður fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar Oddi yfirréttarmálafutningsmanni Gíslasyni greiðast úr landssjóði málfutningslaun fyrir yfirdómi, 20 krónur.